

Viðauki 6 við samning milli mennta- og barnamálaráðuneytis og M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses.

1. gr.

Gildistími, sbr. 6.1. gr., í samningi milli mennta- og barnamálaráðuneytis, kt. 460269-2969, og M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses., kt. 560916-0510, dags. 26. október 2016, framlengist til 31. desember 2024.

2. gr.

Grein 10.4. breytist á eftirfarandi hátt:

Miðað er við að fjöldi nemenda í fullu námi á tónlistarbraut A sé á bilinu 50-70, og fjöldi nemenda í fullu námi á tónlistarbraut B sé á bilinu 130-150.

Nemandi í fullu námi. Miðað við fjölda nemenda þremur vikum eftir upphaf annar og 60 einingar á ári, eins og kveðið er á um í aðalnámskrá. Nemendur í fullu námi eru aldrei fleiri en höfðatala nemenda í viðkomandi skóla.

3. gr.

Framlag ríkisins, sbr. 13.3. gr. er 475,167 m.kr. fyrir árið 2024 og er ráðstafað af fjárlagalið 02-321-11095.

Reykjavík, 29. desember 2023

f.h. mennta- og barnamálaráðherra

Hafþór Einarsson

f.h. M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses.

Freyja Gunnlaugsdóttir, skólameistari